



Reykjavík, 12. febrúar 2024

MSS24020055

Grundarheimilin

Lagt fyrir fund öldungaráðs 14. febrúar 2024

## Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra 2024

Umsögn vegna Grundarheimila í Framkvæmdarsjóð aldraðra:

### 1. Þriðja hæð austurhúsi

Krafa samtímans er að búa í einbýli enda sjálfsögð mannréttindi og því er haldið áfram að breyta herbergjum á Grund í rúmgóð einbýli með baðherbergi. Að þessu sinni er það áframhald á 3. hæð í austurhúsi Grundar.

### 2. Aðgangsstýringar á Grund

Þörf er á að aðgangsstýra umgengni um rými á Grund þar sem eingöngu er gert ráð fyrir að starfsfólk hafi aðgang, með öryggis- og heilbrigðissjónarmið að leiðarljósi.

### 3. Gólfdukur á 4. hæð Grundar

Gólfdukur sem fyrir er á fjórðu hæð í vesturhúsi Grundar er orðinn mjög illa farinn og komin óhreinindi undir hann þar sem hann hefur náð að skemmast og losna upp. Til að sporna við óværu með tilheyrandi vandræðum eins og myglu þarf að skipta um gólfefni.

### 4. Handlaugar, salerni og skolherbergi

Heilbrigðiseftirlitið Reykjavíkur hefur farið fram á að á Grund verði settar upp frístandandi handlaugar í öll eldhús/borðsali heimilisins þar sem heimilismenn matast. Einnig var óskað eftir því að aðstaða yrði bætt á skolherbergjum þar sem sundurgreina þarf betur hrein og óhrein svæði með tilheyrandi búnaði. Þá þarf að fara í lagfæringar vegna athugasemda frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur á nokkrum baðherbergjum þar sem þarf ýmist að laga gólfefni, vaska eða mála.

### 5. Lagfæring utanhús á Grund

Mikið hefur sprungið út og losnað af múrhúð hússins á Grund sem getur leitt til leka með tilheyrandi skemmdum á húsnæðinu – einnig er komin útfelling á nokkrum stöðum í hraunáferð hússins sem þarf að losa upp og þússa upp á nýtt.



Reykjavík



## 6. Fituskilja, brunnar og þétting útveggjar

Fituskiljubrunnur er orðin ónýtur og þarfnast endurnýjunar einnig eru steyptir skolpbrunnar komnir verulega til ára sinna og hafa verið að gefa sig þannig að meindýr hafa haft óheftan aðgang að garði Grundar. Einnig hefur raki verið að koma inn í hús við niðurgrafna vegg / jarðhæð sem krefst þéttingar með þar til gerðum efnum og dúk.

## 7. Reykskýli

Tilfinnanlega vantar reykskýli fyrir heimilismenn Grundar. Það er ekki hægt að ætlast til þess að heimilismenn, sem oft á tíðum eru veikburða í hjólastól eða með göngugrind, standi í kulda og trekk og reyki. Er því áformað að koma upp reykskýli á lóð Grundar sem getur veitt skjól og verður hitað að einhverju leyti.

## 8. Rafskutlu og hjólaskýli í Mörk

Það er þörf á að útbúa skýli í Mörk þar sem heimilismenn geti hlaðið rafskutlur sínar og starfsmenn jafnvel fengið að geyma þar sín hjól og hlaða

## 9. Fallvarnir í stigahús í Mörk

Bæta verður öryggi heimilismanna og gesta hjúkrunarheimilisins í Mörk og setja stólpa við stigaganga hússins á 2-5 hæð þannig að ekki sé hægt að fara niður stigann á hjólastól eða með göngugrind.

## 10. Gardínur í Mörk

Gardínur í herbergjum heimilismanna eru orðnar mjög illa farnar þannig að þær þjóna varla lengur tilgangi sínum. Þörf er á að endurnýja þær.

## 11. Nýr netþjónn

Kaupa þarf nýjan netþjónn til að hýsa myndavélaeftirlitskerfi Markar, núverandi netþjónn er úr sér genginn og sinnir ekki hlutverkinu sem skyldi.

## 12. Bætt nettenging fyrir heimilismenn

Setja þarf upp nokkurskonar ljósleiðarabox í öllum herbergjum á 2. hæð Markar. Í gegnum búnaðinn geta heimilismenn fengið betri nettengingu og tengja má myndlykil við boxin. Allar netlagnir eru fyrir í herbergjunum og því einungis um að ræða að kaupa búnað og setja upp.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að





mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar nauðsynlegar endurbætur og stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

